

Reglugerð um rafræna reikninga vegna opinberra samninga.

1. gr. *Markmið.*

Markmið þessarar reglugerðar er að tryggja að opinberir aðilar taki við rafrænum reikningi samkvæmt evrópskum staðli um rafrænan reikning, EN 16931, á sviði opinberra innkaupa eins og staðallinn er útfærður miðað við íslenskar þarfir.

2. gr. *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um rafræna reikninga sem gefnir eru út vegna opinberra samninga sem falla undir eftirfarandi reglur:

- Lög um opinber innkaup.
- Reglugerð um innkaup aðila sem annast vatnsveitu, orkuveitu, flutninga og pósthjónustu.
- Reglugerð um sérleyfissamninga um verk eða þjónustu yfir viðmiðunarfjárhæðum Evrópska efnahagssvæðisins.
- Reglugerð um innkaup stofnana á sviði varnar- og öryggismála.

Þrátt fyrir 1. mgr. tekur reglugerðin ekki til reikninga vegna samninga sem lýstir eru leynilegir eða ef sérstökum öryggisráðstöfunum verður að beita við framkvæmd þeirra í samræmi við gildandi lög og stjórnvaldsfyrirmæli eða ef grundvallarhagsmunir ríkisins krefjast þess.

3. gr. *Orðskýringar.*

Merking orða í reglugerðinni er sem hér segir:

- Tækniforskrift:* Tæknileg afmörkun á Evrópustaðli þar sem tekið er tillit til íslenskra laga og viðskiptahátta samanber 1. gr.
- Rafrænn reikningur:* Reikningur sem hefur verið gefinn út, sendur og móttækinn á skipulega uppsettu, rafrænu sniði sem gefur kost á sjálfvirkri og rafrænni meðferð.
- Alþjóðlegur staðall:* Alþjóðlegur staðall eins og hann er skilgreindur í a-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1025/2012 frá 25. október 2012, um evrópska stöðlun, eins og reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2014 frá 14. febrúar 2014.
- Evrópustaðall:* Evrópskur staðall eins og hann er skilgreindur í b-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1025/2012 frá 25. október 2012, um evrópska stöðlun, eins og reglugerðin var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2014 frá 14. febrúar 2014.

Að öðru leyti skal merking orða vera í samræmi við þær reglur sem gildissvið þessarar reglugerðar nær til, sbr. 1. mgr. 2. gr.

4. gr. *Móttaka og meðferð rafrænna reikninga.*

Kaupendur í opinberum innkaupum, sem falla undir gildissvið 1. mgr. 2. gr., skulu taka á móti og vinna úr rafrænum reikningum sem uppfylla Evrópskan staðal EN 16931 um rafræna reikningagerð, eins og hann hefur verið útfærður með tækniforskrift TS236:2017 frá Staðlaráði Íslands.

Að öðru leyti fer móttaka og meðferð rafrænna reikninga eftir reglugerð nr. 505/2013 um rafræna reikninga, rafrænt bókhald, skeytamiðlun, skeytaþjónustu, geymslu rafrænna gagna og lágmarkskröfur til rafrænna reikninga- og bókhaldskerfa.

5. gr.

Viðhald og áframhaldandi þróun tækniforskriftar.

Til að hægt sé að taka mið af tækniþróun og til að tryggja fullt og viðvarandi rekstrarsamhæfi í rafrænni reikningagerð við opinber innkaup verður eftir atvikum þörf á að uppfæra eða endurskoða tækniforskrift um rafræna reikningagerð.

6. gr.

Gagnavernd.

Reglugerð þessi hefur ekki áhrif á gildandi reglur um gagnavernd.

7. gr.

Innleiðing.

Með reglugerð þessari er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/55/ESB frá 16. apríl 2014 um rafræna reikningagerð í opinberum innkaupum, eins og hún var tekin upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 166/2015 frá 11. júní 2015.

8. gr.

Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 122. gr. laga um opinber innkaup nr. 120/2016 og öðlast þegar gildi.

Þrátt fyrir 1. mgr. skulu stofnanir á vegum ríkisins, eigi síðar en 18. apríl 2019, uppfylla skilyrði til að taka á móti og vinna úr rafrænum reikningum í samræmi við 4. gr. reglugerðarinnar.

Þrátt fyrir 1. mgr. skulu sveitarfélög og stofnanir á þeirra vegum ásamt opinberum fyrirtækjum og aðrir aðilar sem starfa á grundvelli sérstakra réttinda eða einkaréttar sem falla undir gildissvið 1. mgr. 2. gr., eigi síðar en 18. apríl 2020, uppfylla skilyrði til að taka á móti og vinna úr rafrænum reikningum í samræmi við 4. gr. reglugerðarinnar.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 9. janúar 2019.

F. h. r.

Sigurður H. Helgason.

Kjartan Dige Baldursson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.